

Ed.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um framlenging á eignarskattsviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954 um álag á eignarskatt skulu gilda við álagningu og innheimtu eignarskatts árið 1958.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengd verði fyrir árið 1958 ákvæði um innheimtu eignarskatts með 50% álagi, eins og tíðkæzt hefur undanfarin ár.